



# HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1127*  
*komudagur 9.3.2009*

Reykjavík, 09.03.2009  
Tilv. 90.13  
JS/sdk


**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 61. mál, 136. löggjafarþing 2008-2009**

Ísáð er í erindi Umhverfisnefndar Alþingis dags. 5. mars 2009 varðandi umsögn um ofangreint frumvarp.

Í svari Hafrannsóknastofnunarinnar vegna umfjöllunar um samhljóða frumvarp dagsett 19. mars 2008 segir eftirfarandi: "Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þar sé verið að leggja til að verkefni í umsjá sjávarútvegsráðuneytisins svo sem eins og "hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum" verði flutt frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfissráðuneytis. Jafnframt, að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfissráðuneyti í stað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis eins og nú er. Breyting þessi er talin nauðsynleg "til þess að leggja ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna". Þá er og vikið að því að þessi breyting sé lögð til í þeim tilgangi "að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum hagsmunaaðila til umhverfissráðuneytis".

Hafrannsóknastofnunin tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til þess hvar í stjórnsýslunni hún er hýst. Komi hins vegar til breytinga á stöðu stofnunarinnar í stjórnsýslunni er mikilvægt að haft sé í huga að starfseminni sé tryggður fjárhagslegur grundvöllur svo unnt sé að gera nauðsynlegar rannsóknir og þar með undirbyggja ráðgjöf um vernd og nýtingu auðlindarinnar. Þá ber að tryggja áframhaldandi sjálfstæði starfseminnar í faglegu tilliti og að lokum ber að tryggja lifandi og nán tengsl við helstu hagsmunaaðila svo vitneskja í atvinnugreininni nýtist rannsóknastarfinu og hagsmunaaðilarnir beri traust til rannsókna og ráðgjafar." Ennfremur mætti nefna að huga þarf að því hvort verkefni stjórnar og forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar skv. fyrrgreindum lögum samrýmist síðari lagasetningu.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

  
Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:  
Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

Sími:  
575-2000  
Póstfax:  
575-2001

Heimasíða:  
www.hafro.is

Tölvupóstfang:  
hafro@hafro.is